

S A M Þ Y K K T

114

21. nóv.

um einkasíma í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá væntanlegri síma-stöð á Brúarlandi og Baldurshaga til allra bæja í Mosfellshreppi, svo og til Hólms, barnaheimilisins við Silungapoll og Lækjarbotna.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í fyrstu grein, skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð og tilhögun símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir, innan takmarka ábúð-arjarðar sinnar.

4. gr.

Búendur í Mosfellshreppi ganga í símafélag og greiðist kostnaður sá, er lagning símans hefir í för með sér, þannig:

$\frac{3}{5}$ hluta kostnaðar greiðir landssíminn samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, $\frac{1}{5}$ greiðir hreppssjóður Mosfellshrepps og $\frac{1}{5}$ hlutaðeigandi búendur eða jarðaeigendur, þannig að eftirtaldir 24 bæir í Mosfellshreppi: Hrísbú, Leirvogstunga, Mosfell, Minna-Mosfell, Laxnes, Hraðastaðir, Mosbakki, Æsustaðir, Norður-Reykir, Reykjahlíð, Laugarból, Helgafell, Keldur, Grafarholt, Engi, Lambhagi, Úlfarsá, Reynisvatn, Fellsmúli, Úlfarsfell, Óskot, Geitháls, Gunnars-hólmi og Geirland, greiða $\frac{1}{5}$ hluta sameiginlega, en aðrir bæir hrepps sinn $\frac{1}{5}$ hluta eftir því, sem kostnaðurinn verður á hvern bæ eða bæi þar sem fleiri eru um sömu línu. Endurbætur, sem gera þarf nú þegar á þeim línunum, sem nú eru lagðar, greiðast á sama hátt og lagningarkostnaður hjá hinum síðastnefndu.

Viðhaldskostnaður, annar en sá, sem um getur í 3. gr., greiðist þannig: Hver jarðareigandi eða ábúandi viðheldur línunni frá sér til næstu einkasíma-stöðvar í áttina til miðstöðvar eða að aðallínu, en aðallínur nefnast línur þær, sem liggja á stauraröð landssímans út frá miðstöð (þar með talin Ása-línan) að endastöð (samkvæmt áætlun Laxnes, Keldur, Gunnarshólmi).

Viðhald aðallína annast hreppssjóður.

5. gr.

Sveitarstjórn Mosfellshrepps skal sjá um stjórn þessara mála, láta framkvæma verkið, innheimta gjöld, sjá um starfrækslu miðstöðva, viðhald o. fl. (sbr. 4. og 6. gr.). Hún boðar til fundar í félaginu eftir því sem þörf krefur, minnst einu sinni á ári. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt á fundum.

114

21. nóv.

6. gr.

Sveitarstjórn Mosfellshrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00 er renna í sveitarsjóð Mosfellshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

115

5. des.

REGLUR

um störf yfirlýsismatsmanns.

Samkvæmt 5. gr. laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis nr. 42, 19. júní 1933, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um störf yfirlýsismatsmanns.

1. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal kynna sér sem bezt alla vinnslu, verkun og meðferð á meðalalýsi, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til lýsisverkunar.

Skal yfirlýsismatsmaðurinn hafa fullkomna þekkingu á gufubræðsluaðferðinni til vinnslu á meðalalýsi, og á þeim aðferðum, sem bezt hafa reynzt og hollastar eru fjörefnum lýsisins, og öðrum eiginleikum þess, við verkun á því og geymslu. Einnig skal yfirlýsismatsmaður hafa sérþekkingu í því að efna greina lýsi og rannsaka ástand þess, sýrumagn, lit, óhreinindi, vatn o. þ. h.

2. gr.

Yfirlýsismatsmaður hefir umsjón með því, að lögunum um vinnslu, verkun og mat á lýsi sé fylgt í hvívetna.

Hann skal gera tillögur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva, og gefa umsögn eftir sjálfsathugun eða athugun lýsismatsmanns um þær stöðvar, sem starfræktar verða, eftir að lögin um lýsismat ganga í gildi.